

Ármann Ingólfsson (1964-), prófessor í Kanada

Afhending 2020/6

Ármann Ingólfsson fæddist 28. september 1964 á Akureyri. Foreldrar Ármanns voru Ingólfur Ármansson (1936-2019) og Hrefna Hjálmarsdóttir (1943-).

Hann lærði við Menntaskólann á Akureyri, háskólann í Buffalo og útskrifaðist með doktorspróf í aðgerðargreiningu frá MIT (Massachusetts Institute of Technology).

Hann hefur gefið út fjölda greina um rekstrarstjórnun og aðgerðagreiningu og tekið þátt í ritstjórnun blaða um sína fræðigreini. Einnig er hann fyrrverandi forseti kanadíska aðgerðagreiningarfélagsins (Canadian Operations Research Society) og hefur sinnt öðrum störfum innan félagsins.

Í dag (2021) starfar hann sem prófessor í rekstrarstjórnun og sem akademískur stjórnandi miðstöðvarinnar fyrir framúrskarandi starfsemi í stjórnun (e. Academic Director of the Centre for Excellence in Operations) við Viðskiptaháskólann í Alberta.

Ármann kvæntist Erlu Louise Colvill Anderson þann 15. júlí árið 2000 og þau eiga tvö börn.

Það var Hrefna Hjálmarsdóttir, móðir Ármanns, sem afhent skjölin. Afhendingin samanstendur af skjölum frá því Ármann tók þátt í starfsemi skátanna. Þetta er eina afhendingin sem safninu hefur borist frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

8. mars 2021

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

2020 / 6

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

A-Almennt

A-Almennt

1975 - 1995

A	1	1	1983 - 1983	Skýrsla um Gilwell-starf. Manni Hrafn S.K.F.A.
A	1	2	-	Mætingabók Spartverja.
A	1	3	1979 - 1979	Jólaheilabrot 1; Jólaheilabrot 2.
A	1	4	1982 - 1983	DS ævintýrið, 3. tölublað og fundarboð á sveitaþing merkt DS ævintýrið.
A	1	5	1989 - 1989	Heimiliskötturinn, mótsblað skátamóts í Leyningshólum 1989, tbl. 2-5.
A	1	6	1976 - 1978	Satúrnus, gefið út af Bingóklúbbi Akureyrar, 1.,2., 3. tbl. 1. árg., 1., 3., 3., 5. tbl. 2. árg., 1. tbl. 3. árg.
A	1	7	1984 - 1984	Bleiki osturinn, málgagn skátamóts í Leyningshólum.
A	1	8	1995 - 1995	Fréttabréf Hollandsfara. 4. og 5. tbl.
A	1	9	1995 - 1995	Leaders' update, heimsmót skáta í Hollandi.
A	1	10	1995 - 1995	Terra Nova, opinbert dagblað heimsmótsins í Hollandi.
A	1	11	1995 - 1995	Bæklingar frá alheimsmóti skáta í Hollandi; handbók þátttakenda á íslensku; handbók þátttakenda á ensku; handbók leiðbeinanda á ensku; matreiðslubók á ensku; söngbók Jamboreefara; "Velkomin til Belgíu" (á ensku).
A	1	12	1975 - 1995	Stakir bæklingar frá skátamótum; stök fréttabréf; áfangabókin; söngvakver; kynningarbréf fyrir alheimsmót skáta 1995 á ensku; límmiði; póstkort frá björgunarsveit skáta á ensku.
A	1	13	1977 - 1985	Dagskrár og auglýsingar fyrir útilegur og landsmót og fleiri viðburði á vegum skátanna.
A	1	14	1982 - 1989	Greinargerð um gönguskíðaferð; aðalfundur skátafélags Akureyrar 16. okt. 1983; dagskrá og lög félagsins (tvö eintök); lög skátafélags Akureyrar; söngvablöð; um hnútakennslu; tillaga að reglugerð; fundarboð; listi yfir útlit félaga í skátunum (mögulega trúnaðarmál?); listi yfir útbúnað sem skátar eiga að eiga; útboð verkefna fyrir skátamót; tilkynning um auglýsingablað skáta; skýrsla skátanefndar 1982 (lítið blað); glærur yfir skyldur ýmissa embætta hjá skátunum.
A	1	15	-	Sveitaáætlanir/dagskrár.
A	1	16	-	Tillaga: Að nýrri skáta dagskrá.
A	1	17	-	Ýmsar leiðbeiningar um „Vetrarskátun“
A	1	18	1978 - 1978	Bréf til ensks skátaflokks.
A	1	19	1980 - 1980	Gögn frá sveitaforingjanámskeiði.
A	1	20	1981 - 1981	2 ljósmyndir af „Hinstu skátakveðju“ fyrir drengina tvo sem létust 28.12.1980 í hrakningunum í Finnastaðadal.
A	2	1	1992 - 1992	Plastmappa merkt „Skátaþing á Akureyri“ og með nafni og heimilsfangi Ármanns.